

1. maí

## Fréttatilkynning Hátíðarhöldin í Íþróttahöllina á Húsavík

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa ákveðið að færa hátíðarhöldin vegna 1. maí úr Félagsheimili Húsavíkur í Íþróttahöllina á Húsavík. Þetta er gert vegna þess að Félagsheimilið rúmar ekki lengur allan þann fjölda sem sótt hefur hátíðarhöldin, en hann skiptir hundruðum. Í ár er reiknað með miklu fjölmenni ekki síst þar sem dagskráin er með glæsilegasta móti.

### Hátíðardagskrá:

#### Kl. 14:00 hefst hátíðardagskrá í Íþróttahöllinni

- Tónlist: Marimba hópur frá Tónlistarskóla Húsavíkur leikur undir stjórn Guðna Bragasonar.
- Ávarp: Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis
- Tónlist: Ungir tónlistarmenn úr Tónlistarsmiðjunni “Líf án áfengis,, syngja og leika nokkur dægurlög
- Tónlist: Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari leikur ásamt Aladár Rác
- Hátíðarræða: Skúli Thoroddsen framkvæmdastjóri Starfsgreinasambands Íslands
- Söngur: Óskar Pétursson stórsöngvari. Undirleikari: Daníel Þorsteinsson
- Tónlist og söngur: Ljótu hálfvitarnir sem vakið hafa mikla athygli fyrir frábæra sviðsframkomu, leik og söng taka lagið eins og þeim einum er lagið

Að lokinni dagskrá bjóða stéttarfélögin samkomugestum upp á kaffiveitingar.

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis  
Verslunarmannafélag Húsavíkur  
Starfsmannafélag Húsavíkur  
Þingiðn, félag iðnaðarmanna